

Kennsluáætlun



Íslenska, haustönn 2018 - 2019

6. bekkur

Kennarar: Lilja Írena Guðnadóttir og Steinunn Alva Lárusdóttir

Traust kunnátta í móðurmáli er meginuppistaða staðgóðrar menntunar. Jafnframt er lestur öflugt tæki nemenda til að afla sér þekkingar og tjáning í ræðu og riti ein af nauðsynlegum forsendum þátttöku í samfélaginu. Nauðsynlegt er að nemendur átti sig á uppbyggingu málsins og efli þannig færni sína í málnotkun og skilningi. Bókmenntirnar og tungumálið eru menningararfur okkar sem ber að rækta vel.

Lykilhæfni

Nám í íslensku á ekki eingöngu að auka þekkingu nemenda á greininni sjálfri heldur einnig að efla þætti sem snúa að nemandanum sjálfum s.s. tjáningu, samvinnu, gagnrýna hugsun, sköpunargáfu og ábyrgð á eigin námi. Með beitingu fjölbreyttra kennslu-, mats- og námsaðferða er stefnt að því að hlúa að þessum mikilvægu námsþáttum.

Grunnþættir

Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla eru grunnþættir menntunar sex: *Læsi – sjálfbærni - lýðræði og mannréttindi – jafnrétti - heilbrigði og velferð - sköpun.*

Námsefni

Kennsluáætlunin byggir á þeim viðmiðum sem sett eru í Aðalnámskrá grunnskóla.

- Orðspor 2 lesbók og vinnubók
- Finnbjörg, lítil bók um málfræði og stafsetningu
- Námsvefurinn Fingrafimi (mms.is)
- Námsvefurinn Ritum rétt (mms.is)
- Námsvefurinn
- Blái hnötturinn
- Yndislestrarbækur af bókasafni

- Aukavinnubækur: Mál til komið og Mál í mótun, Málrækt 1 og 2

Námsmat

Lestur og lestrarskráning
Ritun í stílabók og í Office
Verkefni úr Bláa hnettinum
Símat í tímum

Tímabil	Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Mat
<p>Ágúst – september</p> <p>1. lota</p>	<p>Ritun</p> <p>Að geta tjáð hugmyndir sínar og reynslu í rituðu máli.</p> <p>Að hafa náð valdi á stafsetningarreglum um stóran og lítinn staf.</p> <p>Að hafa náð valdi á punkti, kommum í upptalningu og spurningarmerki.</p> <p>Að hafa náð valdi á samheiti og andheiti</p> <p>Að hafa náð valdi á fingrasetningu</p> <p>Lestur og bókmenntir</p> <p>Að geta valið sér lesefni til ánægju og gert sér grein fyrir mikilvægi lestrar.</p>	<p>Orðspor kafli 1: Málgreinar, þjálfun hugans, krossgátur, samheit og andheiti.</p> <p>Fingrafimi</p> <p>Stafsetningarvefur</p> <p>Skapandi skrif, yfirferð texta og frágangur.</p> <p>Ég er kominn heim – merkingarýni í stílabók</p> <p>Bók að eigin vali í yndislestri</p>	<p>Stílabók</p> <p>Lesfímikönnun</p> <p>Lestrarskráning</p>
<p>Október</p> <p>2. lota</p>	<p>Ritun</p> <p>Að hafa náð valdi á stafsetningarreglum um n/nn, skammstafanir, greinamerki og tilfinningatákn.</p> <p>Lestur og bókmenntir</p> <p>Að rýna í orð, bæði netslangur og gamalgróin orð.</p> <p>Að greina muninn á töluðu máli og rituðu.</p> <p>Að geta valið sér lesefni til ánægju og gert sér grein fyrir mikilvægi lestrar.</p>	<p>Orðspor kafli 2</p> <p>Fingrafimi</p> <p>Stafsetningarvefur</p> <p>Skapandi skrif, yfirferð texta og frágangur.</p> <p>Traustur vinur, Heilræðavísur og Það sem skiptir mestu máli – merkingarýni í stílabók</p> <p>Bók að eigin vali í yndislestri</p>	<p>Málfræðikönnun</p> <p>Lestrarskráning</p>

<p>Nóvember</p> <p>3. lota</p>	<p><i>Lestur og bókmenntir</i></p> <p>Að geta lesið sér til ánægju og fróðleiks.</p> <p>Að geta greint og fjallað um aðalatriði í texta.</p>	<p>Bókmenntir:</p> <p>Blái hnötturinn.</p> <p>Verkefni með bók.</p>	<p>Verkefnavinna og lokaverkefni</p> <p>Orðarún: Lesskilningskön nun</p>
<p>Desember</p> <p>4. lota</p>	<p>Að geta nýtt sér hugarkort</p> <p>Að lesa og vinna með fræðitexta</p> <p>Að geta dregið ályktanir og rökstutt mál sitt</p> <p>Að grúska í heimildum og kynna afraksturinn</p> <p>Að geta fundið lykilorð og endursagt</p> <p>Að geta rýnt í merkingu orð</p> <p>Að fallbeygja nafnorð, flokka þau í sérnöfn og samnöfn, eftir kyni og bæta við þau greini.</p> <p>Að þekkja og rita rétt töluorð</p> <p>Að geta valið sér lesefni til ánægju og gert sér grein fyrir mikilvægi lestrar.</p>	<p>Orðspor kafli 3</p> <p>Fingrafimi</p> <p>Stafsetningarvefur</p> <p>Skapandi skrif, yfirferð texta og frágangur.</p> <p>Bók að eigin vali í yndislestri</p>	<p>Lestrarskráning</p>

Birt með fyrirvara um breytingar.